

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 602/2008 um kröfur er varða
verklagsreglur og flugáætlanir innan samevrópska loftrýmisins.**

1. gr.

4. gr. orðast svo:

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB), með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1033/2006 frá 4. júlí 2006 um kröfur er varða verklagsreglur og flugáætlanir á undirbúningsstigi flugs innan samevrópska loftrýmisins, sbr. ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 134/2006 frá 27. október 2006. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 77, 18. desember 2008, bls. 80;
- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 929/2010 frá 18. október 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1033/2006 að því er varðar ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr., sbr. ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 152/2011 frá 2. desember 2011. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 1. mars 2012, bls. 305.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 57. gr. a, 5. mgr. 75. gr. og 76. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 14. maí 2012.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. maí 2012